

# Fundur NOS stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

haldinn í Þingborg mánudaginn 24. október 2022 kl. 15:30.

## Mætt:

*Aldís Hafsteinsdóttir, Hulda Kristjánsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Ásta Stefánsdóttir, Helgi Kjartansson, Haraldur Þór Jónsson, Geir Sveinsson og Melkorka Jónsdóttir. Iða Marsibil Jónsdóttir í fjarfundi og frá KPMG eru Róbert Ragnarsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir í fjarfundi.*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

## 1. Slit skóla- og velferðarþjónusu Árneshings bs.

Fyrir liggur að öll sveitarfélög nema Ölfus hafa tekið fyrir fundargerð NOS frá 21. september 2022. Sömu sveitarfélög hafa jafnframt samþykkt tillögu stjórnar NOS um að starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. verði hætt og byggðasamlaginu verði slitið.

Á fundinn mættu í fjarfundabúnaði Róbert Ragnarsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir frá KPMG sem munu sjá um slit byggðasamlagsins. Rætt var við þau um ferlið sem er framundan. Lagt til að skipuð verði þriggja manna verkefnastjórn, einn frá hverju þjónustusvæði. Við slit á byggðasamlagi þarf að skipa skiptastjórn. Þar sem enginn starfsmaður er í ráðningarsambandi við byggðarsamlagið ættu slitin að ganga hratt fyrir sig. Lagt er fram uppkast að tímalínu fyrir ferlið sem er framundan.

Geir Sveinssyni falið að skrifa undir samning við KPMG um slit byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu bs en samþykkt var á fundi NOS þann 20. október 2022 að fá KPMG í verkefnið.

## 2. Tilkynning um uppsögn á húsnæði.

Fyrir liggur bréf frá Hveragerðisbæ þar sem leigusamningi húsnæðis SVÁ er sagt upp frá og með 1. nóvember 2022. 6 mánaða uppsagnafrestur er á leigusamningnum.

## 3. Fjárhagsáætlun 2023.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir fyrstu þriðja mánuði ársins 2023. Stjórn NOS samþykkir fjárhagsáætlunina og er henni vísað til afgreiðslu á aðalfundi.

## 4. Aðalfundarboð.

Aðalfundur verður haldin miðvikudaginn 24. nóvember kl. 15:00 á skrifstofu Flóahrepps í Þingborg.

Dagskrá aðalfundar eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:55.

# Fundur NOS stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

haldinn í Þingborg mánudaginn 24. nóvember 2022 kl. 14:00.

## Mætt:

*Jón Bjarnason oddviti Hrunamannahrepps*

*Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri Flóahrepps*

*Ása Valdís Árnadóttir oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps*

*Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps*

*Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri Bláskógabyggðar*

*Haraldur Þór Jónsson oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps*

*Geir Sveinsson bæjarstjóri Hveragerðis*

*Í fjarfundi var Elliði Vignisson bæjarstjóri Hveragerðis*

*Melkorka Jónsdóttir forstöðumaður SVÁ*

*Í fjarfundi var Bryndís Gunnlaugsdóttir frá KPMG*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

## 1. Staða Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs..

Bryndís Gunnlaugsdóttir KPMG kemur inn á fundinn á Teams undir þessum lið.

NOS, stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. leggur til að sveitar- og bæjarstjórnir aðildarsveitarfélaga samþykki útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus úr byggðasamlaginu. Skal úrganga sveitarfélaganna miðast í síðasta lagi við 1. mars 2023. Í framhaldinu verður gengið frá samkomulagi allra sveitarfélaga þar sem gengið er frá eignum, skuldum, yfirfærslu á málum sem eru í vinnslu hjá skóla- og velferðarþjónustu sem og öðru er leysa þarf úr við útgöngu þeirra. Skal það samkomulag vera samþykkt í sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna fyrir útgöngu sveitarfélaganna.

Rætt sérstaklega varðandi þroskapróf sálfræðinga og að gera þarf samning um sameiginlega notkun á þroskaprófinu þar sem það er ekki fánlegt lengur

Rætt um að fyrirbyggjandi sé vinna við að loka öllum kláruðum málum og undirbúa öll þau mál sem þarf að flytja yfir í nýja þjónustu. Samþykkt að Melkorka athugi hvort ritari sé tilbúin að auka tímabundið starfshlutfall sitt til að geta klára þessa vinnu.

## 2. Önnur mál

Stjórn NOS leggur til við aðildarsveitarfélög að framlengja skipunartíma nefndarmanna í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings til 1.mars 2023.

Rætt um að hafa sameiginlegar bakvaktir barnaverndar og allir sammála að mikilvægt væri að halda samstarfi á þessu sviði. Elliði mun kanna vilja Árborgar til að koma að slíku samstarfi.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 12. desember kl. 15:00 í Þingborg.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:55.